

Fundur foreldrafélagsins skólaárið 2018-2019

23. maí 2019

Mættar: Andrea Ýr Arnarsdóttir (formaður), María Ragnarsdóttir (gjaldkeri), Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Ólöf Guðmundsdóttir (áheyrnarfulltrúi starfsfólks Heiðarskóla) og Ásta Jóna Ásmundsdóttir (ritari).

Fundarefni:

- Staðan á reikningnum er 276.924 kr. Eftir er að greiða vegna vorhátíðar og fræðsluerindi frá Litlu kvíðameðferðarstöðinni.
- Lagt til að breyta 6. grein í lögum foreldrafélagsins. Verður það auglýst fyrir aðalfund og kosið um það þá.
- Er núna: „*Stjórnin velur þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði og tvo áheyrnarfulltrúa í Fræðslu og skólanefnd, einn af hvoru sviði.*”
- Lagt til að breyta svohljóðandi: „*Stjórnin felur stjórnendum leik og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar að leita með lýðræðislegum hætti eftir þremur fulltrúum til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði. Ef ekki næst að manna skólaráð með þessum hætti skal foreldrafélagið velja fulltrúa sína til þessa. Stjórnin velur tvo áheyrnarfulltrúa í Fræðslunefnd, einn af hvoru sviði.*”
- Almenn ánægja með vorhátíðina og kvíðafyrirlesturinn frá Litlu kvíðameðferðarstöðinni.
- Styrkur fékkst frá Elkem, 30. Þúsund.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir